



September 2010

SAMSON

Ábyrgðarmaður og ritstjóri
Gunnar Einar Steingrímsson



Vilt þú vera með í
fjörugu félagi???

ÆSKULÝÐSFÉLAGIÐ SAMSON HEFST Á NÝ

Samson verður með fundina sína sem hér segir; SamsonJunior er fyrir unglinga í 8.bekk og hittist á mánudagskvöldum klukkan 20.00-21.30 á neðri hæð kirkjunnar. SamsonSenior er fyrir unglinga í 9.bekk og eldri og hittist á miðvikudögum klukkan 17.00-18.30 á neðri hæð kirkjunnar. SamsonMedia, sem er skipað félögum úr SamsonSenior og sér um að gera fréttabréfið, mun hittast eftir þörfum.

Það er mikið gleðiefni þegar haustið nálgast og vetrarstarfið hefst á ný. Auðvitað er alltaf gaman þegar sumarið er í algleymski og allir eru sólbrúnnir og sælir, en samt sem áður er svo notalegt þegar september gengur í garð og lífið allt fer í sínar föstu skorður eftir upplausnareðli sumarsins.

Í vetur verður mikið um að vera í Samson, Æskulýðsfélagi Grafarvogskirkju. Senior félagið mun um miðjan október leggja land undir fót og halda norður í land á Landsmót Æskulýðsfélaga sem haldið verður á Akureyri að þessu sinni. Þau sem muna eftir mótinu í Vestmannaeyum í fyrra vita að landsmótið er í raun ótrúlegt ævintýri frá upphafi til enda. Í ár er búist við að um 700 unglingar frá landinu öllu, muni fjölmenna til Akureyrar á landsmótið og eiga saman frábæra helgi.

Í febrúar verður svo ferðalag í Vatnaskóg eina helgi. Þar munu bæði Junior og Senior hitta æskulýðsfélög af höfuðborgarsvæðinu undir stjórn ÆSKR, en ÆSKR er Æskulýðs-samband kirkjunnar í Reykjavíkurborgarprófasts-

dæmum og ber veturinn hjá ÆSKR yfirskriftina 24/7, sem minnir okkur á tímann og það að við erum kristið fólk, allan sólarhringinn, alla daga, allt okkar líf og verðum því að lifa samkvæmt því.

Í ágúst verður svo útilegan okkar frábæra, að þessu sinni verður væntanlega farið í Vatnaskóg, en nánari upplýsingar um það munu koma síðar, enda nægur tími til stefnu. Auk þessara ferðalaga verða stakir viðburðir og má þar helst nefna Í kappi við tímann (Amazing Race), Timinn og vatnið (sundferð).

Auk alls þessa munum við í Samson gera fjölmargt skemmtilegt og fá til okkar góða gesti í vetur.

Ljóst er að veturinn verður því pakkaður af lífi og fjöri hjá okkur í Samson. Ekki láta þig vanta á einn einasta fund hjá okkur í vetur.

Bestu kveðjur,
Gunnar, Anna, Dína og Oddgeir.



Starfsfólk Samsonar

Gunnar Einar Steingrímsson er djákni Grafarvogskirkju. Hann sér meðal annars um allt barna og æskulýðsstarf safnaðarins. Í æskulýðsfélaginu eru einnig fleiri frábærir leiðtogar, en það eru þau Oddgeir Guðmundsson, Anna Arnardóttir og Dína Guðmundsdóttir.

í vetur verður margt gert og brallað. Hér má sjá dagskrána eins og hún verður fram að áramótum, en það skal þó tekið fram að dagskráin getur auðveldlega tekið breytingum án nokkurs fyrirvara! Allir fundir enda síðan með stuttri helgistund.

Dagskrá fyrir SamsonJunior (8.bekk):

September

Mánudagur 6. Hefðbundinn fundur með leikjum og fjöri.
Mánudagur 13. Útifundur. Ætlum út í "eina krónu" (þið þurfið samt ekki að taka með ykkur pening!)
Sunnudagur 19. "Hefurðu tíma?" ÆSKR viðburður í Elliðaárdalnum kl.17.00.
Mánudagur 20. "Sardínur í dós!" Afar skemmtilegur feluleikur, a la Anna :)
Mánudagur 27. Spilafundur. Spilum ýmis spil.

Október

Mánudagur 4. "Mission Impossible" Já, hvað er nú það???
Miðvikudagur 5. "Í kapphlaupi við tímann" með

ÆSKR (Amazing Race).

Mánudagur 11.

Ljósmyndamaráðun. Þeir sem geta koma með myndavélar (stafrænar).

Mánudagur 18. DVD. Horfum á einhverja skemmtilega mynd.

Mánudagur 25. Leynigestur. Hvaða gestur ætli komi til okkar?

Dagskrá fyrir SamsonJunior

Nóvember

Mánudagur 1. Actionary! kanntu að leika rúgbrauð?
Mánudagur 8. Hefðbundinn fundur með leikjum og fjöri.
Fimmtudagur 11. "Tíminn og vatnið" Sundferð ÆSKR.
Mánudagur 15. Þekkir þú nammið?
Mánudagur 22. Undirbúningur fyrir hjálparstarfssöfnun.
Sunnudagur 28. Fyrsti sunnudagur í aðventu. "Tímanum vel varið" Söfnun fyrir Hjálparstarf Kirkjunnar.
Mánudagur 29. Eggjandi fundur að hætti Oddgeirs.

Desember

Mánudagur 6. Spurningakeppni kynjanna.
Mánudagur 13. Síðasti fundur fyrir jól. Heyrum jólasögu og syngjum jólalög. Já, og förum kannski í einn jólaleik í tilefni dagsins :)
Mánudagur 20. Jólafrí.
Mánudagur 27. Jólafrí.

LEIÐTOGAR



Anna



Oddgeir



Dána

Leiðtogar í Samson í vetur verða þau sömu og hafa verið með okkur undanfarið. En það eru þau Anna Arnardóttir, Oddgeir Guðmundsson og Dána Guðmundsdóttir.



Stólakapp á Survivor fundi!!!

VERTU MEÐ Í SKEMMITILEGUM FÉLAGSSKAP



SamsonMedia

SamsonMedia er sá hluti Samsonar sem sér um að útbúa og gera fréttabréf æskulýðsstarfsins (það sem þú heldur á núna og ert að lesa). SamsonMedia er eingögnu skipað félögum úr SamsonSenior.



Dagskrá SamsonSenior

Dagskrá fyrir SamsonSenior:

September

Miðvikudagur 8. Hefðbundinn fundur með leikjum og fjöri.

Miðvikudagur 15. "Mafia"

Sunnudagur 19. "Hefurðu tíma?" ÆSKR viðburður í Elliðaárdalnum kl.17.00.

Miðvikudagur 22. Ljósmyndamarðon. Komið með myndavélar.

Miðvikudagur 29. Undirbúningur fyrir Landsmót.

Október

Þriðjudagur 5. "Í kapphlaupi við tímann" með ÆSKR (Amazing Race).

Miðvikudagur 13. Undirbúningur fyrir Landsmót.

Helgin 15.-17. Landsmót æskulýðsfélaga á Akureyri.

Miðvikudagur 20. Mafia.

Miðvikudagur 27. Eldum saman mat og borðum.

Nóvember

Miðvikudagur 3. Óvissufundur!!!

Miðvikudagur 10. Hefðbundinn fundur með leikjum og fjöri.

Fimmtudagur 11. "Tíminn og vatnið" Sundferð ÆSKR.

Miðvikudagur 17. Förum í bíó.

Miðvikudagur 24. Undirbúningur fyrir hjálparstarfssöfnun,

Sunnudagur 28. Fyrsti sunnudagur í aðventu. "Tímanum vel varið" Söfnun fyrir Hjálparstarf Kirkjunnar.

Desember

Miðvikudagur 1. Actionary.

Miðvikudagur 8. Jólaföndur :) :)

Miðvikudagur 15. Síðasti fundur fyrir jól. Allir að koma með lítinn pakka til að skiptat á :)

Miðvikudagur 22. Jólafrí.

Miðvikudagur 29. Jólafrí.

Dagskrá fyrir
SamsonSenior

Brandari mánaðarins:

Kristján var aðframkominn í eyðimörkinni þegar álfkonan birtist og veitti honum þrjár óskir. Fyrst óskaði hann sér þess að vera kominn heim, og - púff - hann var kominn heim! Svo óskaði hann sér Ferrari-sportbíl og samstundis stóð bíllinn fyrir framan húsið! Loks óskaði hann sér að hann yrði ómótstæðilegur í augum kvenna, og - púff - hann breyttist í súkkulaði !!!

MYNDIR



Líf og fjör í Samson

Samson tekur þátt í viðburðum ÆSKR (Æskulýðs-samband kirkjunnar í Reykjavíkurborg) og er óhætt að segja að þar sé alltaf líf og fjör. Í Samson hittir þú fullt af krökkum á þínum aldri sem einnig taka þátt í æskulýðsstarfi kirkjunnar.



Nafnið Samson, hvaðan er það komið og hvað merkir logoið?

Ákveðið var á einum æskulýðsfundinum síðasta vetur að þörf væri á því að félagið fengi almennilegt nafn, ekki dugði að vera alltaf bara kölluð "Æskulýðsfélag Grafarvogskirkju", heldur var krafa um gott nafn. Því var haldinn nafna fundur þar sem nokkur nöfn voru borin upp og hugleidd og að lokum var kosning um nokkur nöfn. Þar á meðal var kosið um nöfnin Lego, Traktor og fleiri, en flest atkvæði fékk nafnið Samson. Samson var maður í Gamla testamentinu í Biblíunni og um hann má lesa í Dómarabókinni.

Samson var frá Ísrael og þegar hann ólst upp átti þjóðin hans í stríði við aðra þjóð sem nefnd var Filistear. Samson var blessaður af Guði sem gaf honum mikinn styrk og mikinn kraft. En leyndarmálið að styrk Samsonar var fólgið í hári hans, þess vegna mátti hann ekki klippa á sér hárið, því ef hann gerði það þá myndi hann missa styrk sinn. Samson barðist berhentur við ljón og drap, drap 1000 óvini sína með kjálkabeini úr asna að vopni og fleira í

þessum dúr. Síðan kom að því að hann var svikinn, njósarakona að nafni Delía komst að leyndarmáli Samsonar og sagði óvinum hans frá því. Þeir læddust að Samson meðan hann svaf og rökuðu af honum hárið, þar með missti hann styrk sinn. Hann var handtekinn og þeir stungu úr honum augum, síðan var hann gerður að þræl. Filistear gættu hins vegar ekki að því að klippa hár Samsonar reglulega og því fór það svo að eitt sinn voru Filistear að halda veislu og létu sækja Samson til þess eins að gera gys að honum. Hann var látinn standa milli tveggja súlna sem báru þakið uppi. Þar sem hár Samsonar hafði vaxið á ný hafði hann á ný fengið styrk sinn og því gat hann brotið niður súlurnar svo þakið hrundi og drap alla sem inn voru, eða yfir 3000 Filistea, og um leið hann sjálfan. Þannig endar sagan af Samson.

Logo æskulýðsfélagsins er hannað af leiðtoganum okkar henni Önnu Arnardóttur. Þar fær hún merki annarar ofurhetju lánað (þar sem þeir eiga sama stafinn) og út úr merkinu kemur Samson í vígahug með kjálkabein úr asna á lofti.

SAMSON

Æskulýðsfélag
Grafarvogskirkju.
Leiðtogar:
Gunnar Einar Steingrímss
Anna Arnardóttir
Díana Guðmundsdóttir
Oddgeir Guðmundsson

Hvar og hvenær?

- SamsonJunior 8.bekkur: Mánudagar kl. 20-21.30
- SamsonSenior 9.bekkur og eldri: Miðvikudagar kl.17-18.30
- SamsonMedia: Auglýst nánar eftir þörfum

Grafarvogskirkja

v/Fjörgyn
Sími: 587-9070
Netfang:
gunnar@grafarvogskirkja.is